

ef illa tekst til", sögðu vinir hans, "má alt af finna upp á einhverju". Það var samt sem ádur ráðgert, að haga herferðinni á selina þannig, að drengurinn skyldi koma ofan af einhverri eynni með byssuna, og Vestmann sjálfur smjúga á bátnum milli ísjakanna og bíða þess að selirnir kemur flýjandi í sjóinn. Þeir mundu varla fara miðög hart á ósléttum rekisnum, sem lá samanþjappaður við ströndina.

Hann kom drengnum á land í einni úteynni rétt fyrir sólsetur, og sjálfur ríri hann út fyrir með ullarsokka um árarrhumanna, til að gera engan hávaða, og í hvítri skyrtu utan yfir fötunum, svo hann sæist ekki. Hann komst af tilviljun í skjóli við ishrönglið og klettana upp undir landið á einum stað, þar sem dálítil rauf sýndi hvar selirnir höfðu gengið á land, og það var líklegt að þeir leituðu þar aftur í sjóinn, því hvergi sást vökk á ísnum.

Vestman sat þar vel falinn og hélt fleimimum á lofti, þangað til honum var orðið ískalt á hendinni; þá fór hann að hugsa um hvort gamla veidiðferðin með kúlubyssu væri nú ekki einfaldari. Selirnir voru þar fyrir ofan. Það var ekkert vafamál, hann hafði heyrт til þeirra. En að þeir veldu einmitt þenna veg til að komast aftur í sjónum. Það var nú stóra spurningin.

Alt í einu reid að skot bak við surutrén, og svo heyrðist blástur í loftinu og skvettir úti í sjónum, síðan heyrðist þungt más og hnerrar, og síðan tramp ísnum, eins og berfætt fólk hlypi eftir gólfí.

Ádur en Vestman gat gert sér grein fyrir hvað heimiskulegt alt fyrirtækið var, sast loðið höfuð í rausinni, sem reisti sig upp og steypist í sjóinn; en rétt í því fékk selirnir Heininn í bakið. Í hendingeskasti hljóp strengurinn út sem fleinninn var festur við; og báturinn ryktist áfram, svo að veidimaðurinn skeltist niður á asturþóftuna, og svo fór alt af stað með hraðri ferð til hafs.

Það var nú ferð!

Vestman hélt fyrst að þetta væri skemtileg nýung, og fór að hugsa um hvaða fyrirtaks veidisögu hann gæti gert úr því. Og